

Erindisbréf fyrir skipulags- og byggingarnefndar Kjósarhrepps.

Umboð

1.gr.

Skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps starfar í umboði hreppsnefndar Kjósarhrepps með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn Kjósarhrepps og fundarsköp hreppsnefndar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Verksvið

2.gr.

Nefndin skal sinna öðrum málefnum sem undir hana heyra eftir því sem lög og reglugerðir ákveða. Gera tillögur til hreppsnefndar um markmið í málaflokkum sem undir nefndina heyra og hafa eftirlit með því að samþykkt markmið hreppsnefndar í þessum málaflokkum nái fram að ganga.

- Að hafa forgöngu um gerð og breytingar á skipulagsáætlunum og fjalla um skipulagstillögur.
- Að hafa eftirlit með því að ákvæði laga á verksviði nefndarinnar séu haldin.

Verkefni

3. gr.

Skipulags- og byggingarnefnd fer með eftirtalin verkefni:

1. Að fjalla um umsóknir um leyfi til bygginga og annarra verklegra framkvæmda og afgreiða slíkar umsóknir í samræmi við lög og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.
2. Að vera hreppsnefnd til ráðgjafar í málefnum er undir nefndina heyra og þeim málefnum sem hreppsnefnd felur henni.
3. Skipulagsmál
 - Verkefni skipulagsnefndar, sbr. 6 gr. skipulagslaga nr. 126/2010.
 - Skipulagstillögur, skipulagsskilmálar og tillögugerð til hreppsnefndar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim.
 - Umsóknir um framkvæmdarleyfi, samanber 1. mgr. 13. Gr skipulagslaga. Skiptingu jarða, landa, lóða og breytingu á landamerkjum samkvæmt 48.gr skipulagslaga.
4. Byggingarmál
 - Verkefni byggingarnefndar samanber 7.gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
 - Umsóknir um byggingarleyfi og tillögugerð til hreppsnefndar um afgreiðslu byggingarleyfismála sem ekki sæta fullnaðarákvörðun nefndarinnar eða byggingarfulltrúa.
 - Tillögugerð til hreppsnefndar um staðbundnar byggingarsamþykktir.

Skipan

5.gr.

Nefndin er skipuð þremur fulltrúm kjörnum af hreppsnefnd og jafnmörgum til vara. Nefndin kýs formann nefndarinnar og varaformann. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og hreppsnefndar.

Verkstjórn, boðun funda og fundarsköp

6.gr.

Formaður nefndarinnar er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum.

Skipulags- og byggingarfulltrúi starfar með nefndinni. Hann boðar fundina með dagskrá, situr fundi nefndarinnar, hefur þar málfrelsi og tillögurétt ásamt því að rita rafræna fundargerð. Fulltrúi frá

sveitarstjórn situr fundi nefndarinnar.

Nefndin heldur fundi að jafnaði síðasta fimmtudag hvers mánaðar. Skrá skal í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og hvar frumrit fundargerð er varðveitt. Þá skal færa í gerðarbók fundarslit og greina frá hvað fundargerðin hefur margar blaðsíður. Stjórnarmenn og skipulags- og Byggingafulltrúi undirrita fundargerðina sem fara skal til varðveislu í sérstakri möppu. Fundargerðin er birt á heimasíðu Kjósarhrepps, að jafnaði innan 5 daga. Fundargerð fer til hreppsnefndar til samþykktar og afgreiðslu.

Hæfi og siðferði

7.gr.

Nefndarmaður skal víkja af fundi þar sem mál eru til umfjöllunar sem snerta hann sjálfan eða nákominn skyldmenni, sbr. vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga og skal hann í slíkum tilfellum víkja af fundi og inn skal koma varamaður. Nefndarmaður telst vanhæfur til að taka ákvarðanir í málum sem munu fyrirsjáanlega valda honum sérstökum ávinningi eða óþægindum. Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í 20.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn Kjósarhrepps og fundarsköp hreppsnefndar. Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmet forföll hamli. Skal hann láta formann vita um forföll með góðum fyrirvara og ber formaður ábyrgð á að boðaður sé til fundarins varamaður.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst verða samkvæmt lögum og þær skyldur eru lagðar á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum.

Fullnaðarafgreiðsla mála

8.gr.

Skipulags- og byggingarnefnd afgreiðir án staðfestingar hreppsnefndar eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Kjósarhrepps:

- Framkvæmdarleyfi, sbr. 1.mgr. 13 gr. skipulagslaga.
- Skiptingu jarða, landa, lóða og breytingu á landamerkjum samkvæmt 48. gr. skipulagslaga.
- Endurnýjun og framlenging á gildandi lóðarsamningum.
- Verkefni byggingarnefndar sbr., 7gr. laga um mannvirki nr. 160/2010

Skipulags- og byggingarnefnd getur ávallt vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1.mgr. til hreppsnefndar og er skylt að vísa þeim til hreppsnefndar sé þess óskað af tveimur fulltrúum í nefndinni hið fæsta. Í slíkum tilfellum sal nefndin setja fram tillögu að afgreiðslu máls.

Málsmeðferð

9.gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að sveitarstjórnarlögum, stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýslu.

Óski aðili rökstuðnings eða beri fram kvörtun vegna afgreiðslu nefndarinnar skal viðkomandi leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í hreppsnefnd með hliðsjónaf 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji hreppsnefnd að skilyrði séu fyrir hendi skal nefndin taka má upp.

Gildistaka

10.gr.

Gildistaka Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnalega nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum. Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhrepps á fundi nr. 227 þann 03. febrúar 2021 og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldra erindisbréf sama eðlis.

Lög sem vitnað er í.

123/2010

13. gr. Framkvæmdaleyfi.

Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þó þarf ekki að afla slíks leyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki.

48. gr. Skipting landa og lóða.

Óheimilt er að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til.

[Sérhver afmörkuð landareign skal hafa vísun í a.m.k. eitt staðfang í samræmi við [12. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.](#)] ¹⁾

Sveitarstjórn getur krafist þess af eigendum landa og jarða að gerður sé fullnægjandi hnitsettur uppdráttur af nýjum landamerkjum eða lóðamörkum til afnota fyrir landeignaskrá og þinglýsingarstjóra.

160/2010

7. gr. Byggingarnefndir.

Sveitarstjórn er heimilt með sérstakri samþykkt að kveða á um að í sveitarfélaginu starfi byggingarnefnd sem fjalli um byggingarleyfisumsókn áður en byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfi og hafi að öðru leyti eftirlit með stjórnslu hans fyrir hönd sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn er heimilt að gera það að skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis af hálfu byggingarfulltrúa, vegna allra eða tiltekinna mannvirkjagerða, að byggingarnefnd og/eða sveitarstjórn hafi samþykkt útgáfuna.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna byggingarnefndar. Um byggingarnefndir og störf þeirra gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins enda sé skipan nefndarinnar í samræmi við skipulagslög.

Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um starfrækslu byggingarnefnda og ráðningu byggingarfulltrúa á grundvelli samkomulags eða eftir atvikum sameiginlegrar samþykktar.

Samþykkt sem sett er samkvæmt þessari grein skal lögð fyrir ráðherra til staðfestingar og birt af sveitarstjórn í B-deild Stjórnartíðinda. Enn fremur skal hún færð inn í rafrænt gagnasafn [Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar]. ¹⁾

138/2011

42. gr. Framsal sveitarstjórnar á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að fela fastanefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins, nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því. Ef fastanefnd er falið vald samkvæmt þessari málsgrein skal fjöldi nefndarmanna standa á oddatölu.

24. gr. Aðrar almennar skyldur sveitarstjórnarmanna.

- Hverjum sveitarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.
- Sveitarstjórnarmönnum ber að gegna starfi sínu af alúð og samviskusemi. Sveitarstjórnarmönnum ber í hvívetna að gæta að almennum hagsmunum íbúa sveitarfélagsins sem og öðrum almannahagsmunum.